

Starfsreglur stjórnar Bankasýslu ríkisins

1. Skipun stjórnar og verkaskipting

Þriggja manna stjórn skipuð af fjármálaráðherra fer með yfirstjórn Bankasýslu ríkisins. Einn varamaður er skipaður með sama hætti. Fjármálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnar. Varamaður sækir fundi stjórnar ef einhver aðalmanna forfallast og ef stjórn óskar sérstaklega eftir því.

Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar. Ef formaður stjórnar forfallast tekur varaformaður við störfum hans.

2. Boðun stjórnarfunda

Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir fundum. Formaður skal boða til stjórnarfundar óski einhver stjórnarmanna eða forstjóri eftir því. Boðun skal gerð með tölvupósti á netfang sem stjórnarmenn hafa gefið upp. Formaður getur falið forstjóra eða starfsmanni Bankasýslunnar boðun stjórnarfunda. Fundargögn skulu að jafnaði send stjórnarmönnum minnst tveimur dögum fyrir boðaðan fund. Leitast skal við að reglulegir fundir Bankasýslunnar verði ákveðnir til eins árs í senn og skal fundadagskrá liggja fyrir á síðasta reglulega fundi hvers árs.

3. Lögmæti ályktana

Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamaður þeirra. Til að ákvörðun stjórnarfundar teljist gild þarf hún stuðning meirihluta stjórnarmanna.

4. Fundargerðir

Formaður stjórnar ber ábyrgð á að fundargerðarbók sé færð. Honum er heimilt að fela starfsmanni Bankasýslunnar að færa fundargerðarbók.

Sérhver stjórnarmaður og varamaður getur krafist bókuar í fundargerð.

Fundargerð skal ávallt rituð svo fljótt sem kostur er eftir að fundi lýkur og send stjórnarmönnum. Endanleg fundargerð skal liggja fyrir til samþykktar í upphafi næsta stjórnarfundar. Stjórnarmenn sem sitja fund auk forstjóra og fundarritara skulu undirrita fundargerð.

Heimilt er að skrá fundargerð í tölvu. Formaður eða varaformaður í fjarveru hans, ásamt fundarritara skulu þá setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða.

5. Hæfi

Stjórnarmenn skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála sem varða aðila sem eru tengdir þeim persónulega eða fjárhagslega. Sama gildir um mál er varða hugsanlega samkeppnisaðila stjórnarmanns eða aðila þeim tengdum. Stjórnarmenn skulu upplýsa um þá aðila sem tengjast þeim með þeim hætti sem greinir í þessari grein. Haldin skal skrá

yfir aðila sem tengjast stjórnarmönnum og skal hún uppfærð þegar breytingar verða og staðfest árlega. Stjórnarmanni sem veit /telur hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Stjórnarmaður eða forstjóri getur jafnframt lagt fram tillögu um vanhæfi stjórnarmanns. Stjórn sker úr um hvort mál er svo vaxið að einhver stjórnarmanna sé vanhæfur. Teljist stjórnarmaður vanhæfur skal hann ekki fá aðgang að gögnum er varða afgreiðslu þess máls. Enn fremur skal hann víkja af fundi við umræður og afgreiðslu málsins. Um hæfi stjórnarmanns fer að öðru leyti eftir stjórnarsýslulögum.

6. Forstjóri

Stjórn Bankasýslunnar ræður forstjóra til starfa. Starfskjör forstjóra eru ákvörðuð af kjararáði. Forstjóri skal móta helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar. Á hluthafafundum í fjármálafyrirtækjum sem Bankasýslunni hefur verið falið að fara með eignarhlut ríkisins í fer forstjóri með atkvæðisrétt Bankasýslunnar. Stjórn kveður nánar á um verksvið hans í starfsreglum forstjóra.

Forstjóri ber ábyrgð á daglegri stjórn Bankasýslunnar. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild stjórnar nema ekki sé unnt að bíða ákvörðunar stjórnar án óhagræðis fyrir Bankasýsluna. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Forstjóra ber að sjá um að reksturinn sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðrar reglur sem um reksturinn kunna að gilda.

Forstjóri ræður aðra starfsmenn Bankasýslunnar til starfa. Forstjóri er talsmaður Bankasýslunnar, nema að því er varðar sérstakar ákvarðanir stjórnar.

7. Verkefni stjórnar

Stjórn hefur yfirumsjón með að starfsemi Bankasýslu ríkisins sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðrar reglur sem um reksturinn kunna að gilda. Stjórnin skal einnig hafa eftirlit með rekstri Bankasýslunnar. Það er hlutverk stjórnar að móta áherslur í starfi Bankasýslunnar. Stefnumótun Bankasýslunnar er á ábyrgð stjórnar og skal unnin í samstarfi við forstjóra.

Stjórn skal samþykkja allar meiri háttar ákvarðanir skriflega. Undirritaðar fundargerðir stjórnar þar sem bókaðar eru ákvarðanir skulu teljast skriflegt samþykki eða synjun. Meiri háttar ákvarðanir taka m.a. til eftirfarandi ráðstafana:

Þegar gerðar eru tillögur til fjármálaráðherra um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á grundvelli hlutverks og markmiða Bankasýslunnar, sbr. g. liður 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins.

Þegar Bankasýslan gerir tillögur til fjármálaráðherra um hvort og hvenær tilteknir eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum verða boðnir til sölu á almennum markaði, sbr. i. liður 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins.

Auk ofangreindra ákvarðana skal stjórn samþykkja rekstraráætlun fyrir næsta starfsár, sem undirbúin er og lögð fram af forstjóra. Stjórn tekur ákvörðun um tilnefningu í stjórnir fjármálafyrirtækja sem Bankasýslan fer með eignarhlut í, byggða á tillögum valnefndar.

Birting starfsreglna

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu Bankasýslu ríkisins.

Breytingar á starfsreglum

Til breytinga á starfsreglum þessum þarf samþykki meirihluta stjórnar.

Þannig samþykkt af stjórn þann 5. maí 2014